

## L Ö G

### um síldartunnur.

25  
12. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

#### 1. gr.

Eigi má nota sem umbúðir um síld til söltunar nema ónotaðar, heilar og óskemmdar tunnur, er uppfylla eftirfarandi skilyrði eða önnur, er sett kunna að verða samkvæmt reglugerð.

Hver heiltunna skal rúma minnst 118 lítra og mest 120 lítra.

Hver hálf tunna skal rúma minnst 59 lítra og mest 60 lítra.

Tunnurnar skulu vera þéttar og búnar til úr vel þurru efni. Stafurinn má ekki vera brenndur. Tré, sem ekki er lagarhelt, má ekki nota. Ekki má nota staf eða botnfjalir úr mismunandi viðartegundum í sömu tunnu.

#### 2. gr.

Hver sá, er stunda vill tunnusmiði sem atvinnu, skal sækja um löggildingu til þess til atvinnuáráðherra, og skal hver tunna merkt verksmiðjumerki, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

#### 3. gr.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð ákvæði um, hvernig haga skuli eftirliti með tunnum, sem fluttar eru inn í landið eða smíðaðar hér á landi, svo og um efni í tunnur og annað það, er þurfa þykir um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um heimild til frestunar einstakra atriða um eitt ár, og um undanþágu til að kryddsíldarkaupendur megi leggja til notaðar tunnur undir kryddsíld.

#### 4. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal fara með sem almenn lögreglumál, og varða sektum frá 200—5000 kr., nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Ólafur Thors.*